

# Námsáætlun FAG173 – Fatagerð I (frjálst val)

Kennari: Helga Árnadóttir

Nemendum verður kennt að sníða og sauma einfaldar flíkur af ýmsum gerðum. Nemendur læra að nýta sér þau verkfæri og þá tækni sem tilheyrir slíkri vinnu. Áhersla verður lögð á skapandi og sjálfstæð vinnubrögð þar sem nemendur læra að fylgja eftir eigin hugmynd að fullunnu verki. Saga fatnaðar og tísku verður skoðuð í menningarlegu og sögulegu samhengi. Undirstöðuatriði textílfraði (vefjarfræði) verða kennd. Kennslan fer fram í fyrirlestarformi, í umræðum og sem verkleg kennsla.

## Markmið áfangans:

### Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- því ferli sem liggur að baki þegar flíkur eru hannaðar og saumaðar
- aðalatriðum í þróun og notkun fatnaðar frá upphafi og fram að 20. öld
- tilurð, eigileikum og meðferð helstu vefjarefna
- endurnýtingu og þeim umhverfisþáttum sem framleiðsla vefjarefna hefur áhrif á

### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta sér þau verkfæri og þá tækni sem þarf til að sauma einfaldar flíkur
- að meðhöndla og vinna með mismunandi tegundir vefjarefna
- að nota lykilhugtök við útskýringar á faglegu atriðum sem unnið er með

### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- sauma einfaldar flíkur úr mismunandi gerðum efna
- sýna frumkvæði og sjálfstæði við að fylgja eftir ferlinu frá eigin hugmynd að fullunninni flík
- að nýta heimildir og umhverfi sem uppsprettu fyrir eigin skapandi vinnu

**Tæki og efni:** Nemendur nota eigin saumavélar og útvega sjálfir þau efni í þær flíkur sem saumaðar verða.

Efni í þrúfur, sníðapappír, tvinni, sníðapappír, saumavélanálar o.fl er innifalið í áfangagjaldinu og sömuleiðis afnot af tækjum og verkfærum. **Áfangagjald er 3500 kr.**

**Námsmat:** Áfanginn er próflaus. Lögð verður áhersla á símat þar sem tekið verður tillit til frumkvæðis, framfara og vinnulags. Í lok annar skila nemendur inn afrakstrinum til frekara námsmats.

- Hugmyndavinna, vinnubók, og þrúfur **20%**
- Önnur unnin verkefni (saumuð föt) **70%**
- Skil, framsetning og ástundun **10%**

## Tímaáætlun:

Vika: 1 -2 Efnisöflun, endurhönnun, hugmyndavinna/vinnubók.

Vika: 3 Ágrip af sögu fatnaðar og tísku fram að 20.öld. Hugmyndavinna /vinnubók.

Vika: 4 – 5 Textílfraði (vefjarfræði). Kennt á saumavélina. Þrúfusaumur.

Vika: 6 -15 Sníðtækni og saumtækni. Föt sníðin og saumuð.

Vika: 16 Skil til námsmats (vinnubók og föt).

Með fyrirvara um breytingar.